





KERFISMYND AF TENGINGUM KRAFTSPÚLS (EKKI Í MKV.)




SJÁ TEIKNINGAR RAFLAGNAHÖNNUÐAR VARÐANDI
STÝRINGU ÞRÝSTIAUKADÆLU OG SEGULLOKA.

DÆMIGERT SNIÐ Í MALBIK, M1:10




Stækkun á núverandi inntaki á heitu vatni
Hitaveituinntakið í húsið er núna 20 mm galv. járn og má búast við því að með þessu inntaki sé hægt að fá mest um 0,4 líta /sek = 24 lítra/mín = 1,4 m3/klst.

Núverandi aðstæður eru eftirfarandi :
Til upphitunar hússins þarf um 14.000 kcal/klst eða um 0,35 m3/klst og í neysluvatnið þarf um 0,2 lítra/sek = 0,7 m3/klst eða samtals um 1,05 m3/klst.
Eldri snjóbræðsla er um 220 m2 sem kallar á 220x180=39.600 kcal/klst.
Bakrás hússins í gegnum forhitara gefur um 14.000x0,93x(40-25)/(80-40) = 4.883 kcal/klst en það þýðir að frá innspýtingu þurfa að koma 34.417 kcal/klst eða 631 lítrar/klst = 10,5 lítrar/mín.

Nú stendur til að byggja snjóbrætt þvottaplan fyrir stóra bíla og gefa möguleika á því að þar megi þvo bílana með allt að 50 °C heitu vatni.

Þörfin fyrir heitt vatn verður því eftirfarandi :
Núverandi aðstæður 2,03 m3/klst
Innspýting inn á snjóbræðslu fyrir stóra bíla 0,49 m3/klst
Heitt vatn til bílaþvotta : 1,70 m3/klst
Samtals : 4,22 m3/klst

Þetta kallar á stækkun inntaksins upp í 40 mm.

Snjóbræðslulagnir
Snjóbræðslurörin á að leggja í sandlag sbr. snið.

Snjóbræðslurörin skulu vera frá viðurkenndum framleiðanda og skulu þau vera úr polybutylen (PB), polypropylene c (PP-c) eða "krosslinked" polyethylene (PEX). Rörin skulu þola 6 bara þrýsting við 50°C miðað við 50 ára endingartíma. Rörunum skal festa það vel að rétt lega og millibil haldist á meðan gengið er frá endanlegu yfirborði og skal í því skyni m.a. nota plastfjarlægðartengi það þétt að tryggt sé að lagnirnar færist ekki úr stað. Innra þvermál röranna skal vera sem næst 25 mm en fæðilagnanna um 40 mm.

Orkuþörf snjóbræðslu
Snjóbrætt svæði er um 150 m² að stærð og því má reikna með að til þess að snjóbræða það þurfi um 150x180=27.000 kcal/klst.

Bakrás hússins er nú þegar fullnýtt til eldri snjóbræðslu sbr. hér að ofan og því þarf öll orkan til snjóbræðslunnar að koma frá innspýtingu eða 27.000/55 = 491 lítar/klst = 8,2 lítrar/mín.

Fæðilagnir í jörðu að þvottaplani
Rörin á að leggja í sandlag sbr. snið snjóbræðslulagna og skulu rörin vera "krosslinked" polyethylene (PEX) frá viðurkenndum framleiðanda.
Rörin skulu þola 12 bara þrýsting við 50°C miðað við 50 ára endingartíma.
Innra þvermál röranna skal vera sem næst 40 mm.

Lagnir á þvottaplani ofan jarðar
Lagnaefni skal vera galvaniserað stál, vestur evrópskt skv DIN 2440.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt þann
04 MARS 1998
Sigurbjartur Halldórsson

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| BR | DAGS | | HANNAÐ | SAMÞ |

FERILL

VERKFRÆÐISTOFAN FERILL EHF. F.R.V.
MÖRKIN 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI : 568-8570 FAX : 568-9084
NETFANG : ferill@treknet.is

SKELJUNGUR H.F. BENSÍNSTÖÐ REYKJAVÍKURVEGI 58, HAFN.

ÞVOTTAPLAN FYRIR STÓRA BÍLA

SNJÓBRÆÐSLA OG NEYSLUVATNSLAGNIR

| HANNAÐ | KT. | SAMÞ. | KT. | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DAGS. 05.02.1998 | TEIKNAÐ ÞMG | MKV. 1:50,1:20 | NR. 630 | 3 | 21 |

630-1-21.dwg.DWG 03-02-98 14:31